



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2010 (14. fundur)
GBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 16.04.2010 kl. 11.45. Fundurinn var haldinn á skrifstofu formanns, Steinþór var í símasambandi aðrir á skrifstofunni

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"

1. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025, breyting á skipulagsmörkum gagnvart Reykjanesbæ

Samþykkt að afgreiða skipulagstillöguna til Skipulagsstofnunar. Formanni falið að ganga frá og senda eftirfarandi texta með skipulagsupprættinum:

“Hér með afgreiðist til Skipulagsstofnunar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 sem hlotið hefur meðferð samkvæmt 17. og 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997. Þess er hér með óskað að skipulagsstofnun fjalli um aðalskipulagsbreytinguna og afgreiði hana til utanríkisráðherra til staðfestingar samkvæmt 19. grein sömu laga. Aðalskipulagsbreytingin er fram komin sbr. reglugerð nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not.

Breytingin felst einkum í því að skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar minnkar sem nemur svæði C í lögum nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og auglýsingu nr. 38/2007 um að hluti af varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not að því marki sem það er innan marka sveitarfélagsins Reykjanesbæjar. Einnig er sýnd lega háspennustrengs sem heimilt verður að leggja meðfram Reykjanesbraut á norðausturjaðri skipulagssvæðisins.

Aðalskipulagsbreytingin er í formi skipulagsuppráttar og greinargerðar á upprætti. Aðalskipulagstillagan var til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á skrifstofum Keflavíkurflugvallar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar frá 1. mars til 29. mars 2010, og var jafnframt til skoðunar á vefsíðu Keflavíkurflugvallar, www.kefairport.is. Athugasemdafresti lauk hinn 12. apríl 2010 og bárust engar athugasemdir.

Leitað var umsagnar eftirtalra aðila með bréfi dagsettu 18. des 2009:

Sveitarfélagið Vogar.
Sandgerðisbær.
Grindavíkurbær.
Sveitarfélagið Garður.
Reykjanesbær.
Sýslumaðurinn í Keflavík.
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.
Umhverfisstofnun.
Fornleifavernd ríkisins.
Flugmálastjórn Íslands.
Vegagerðin.
Landsnet.
HS orka hf.
HS veitur hf.

Svör bárust frá þremur stofnunum.

Fornleifastofnun gerir í bréfi dags 4. janúar 2010 ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Flugmálastjórn Íslands gerir í bréfi dagsettu 18. janúar 2010 ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna. Reykjanesbær gerir í bréfi dags 26. janúar 2010 ekki athugasemdir við breytingarnar enda samræmast þær tillögum að breyttu aðalskipulagi Reykjanesbæjar.

Hið minnkaða skipulagssvæði Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2005-2025 skiptist í tvær stjórnsýslueiningar sbr lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Annars vegar er flugvallarsvæði, svæði A þar sem æðsta vald í skipulagsmálum á sveitarstjórnarstigi er í höndum Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Hins vegar er öryggissvæði, svæði B þar sem utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála. Tillaga þessi að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 var unnin í samvinnu beggja aðila og auglýst sameiginlega af Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Varnarmálastofnun Íslands.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fjallaði á ný um aðalskipulagsbreytinguna á fundi sínum 16. apríl og samþykkti að afgreiða málið til Skipulagsstofnunar fyrir sitt leyti jafnskjótt og Varnarmálastofnun hefur undirritað uppdráttinn fyrir sitt leyti.”

2. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar verður boðaður síðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.